

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 122 19. okt. 1955, um virðingar til brunatrygginga á húseignum.

1. gr.

6. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

a.	Fyrir hús, sem virt er allt að 300 þús. kr.	kr. 210.00
b.	— — — — — 300—500 þús. kr.	— 240.00
c.	— — — — — 500—1000 þús. kr.	— 420.00
d.	— — — — — 1000—2000 þús. kr.	— 510.00
e.	— — — — — 2000—3000 þús. kr.	— 630.00
f.	— — — — — 3000—4000 þús. kr.	— 780.00
g.	— — — — — 4000—5000 þús. kr.	— 900.00

Af því, sem umfram er 5 millj. króna, skal greitt með 120 kr. fyrir hverja milljón eða brot úr milljón.

Ef virðingarverð stendur lengur en 1 dag, telst ofanskráð gjald fyrir hvern virðingardag. Ef einhver virðing er sérstaklega erfið, er framkvæmdastjóra viðkomandi vátryggingarfélags heimilt að ákveða hærra gjald fyrir hana en hér segir. Virðingargjaldið skiptist jafnt milli umboðsmanna félaganna og virðingarmanna, að $\frac{1}{3}$ til hvers. Fyrir yfirmat greiðist tvöfalt gjald það, sem ákveðið er fyrir almenna virðingu.

Framangreind breyting staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 59 24. apríl 1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. september 1964.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 220.

14. september.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Selma og Kay Langvads Legat til udvikling af den kulturelle forbindelse mellem Island og Danmark, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. september 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Selma og Kay Langvads Legat til udvikling af den kulturelle forbindelse mellem Island og Danmark.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af frú Selmu Langvad, fæddri Guðjohnsen, og Kay Langvad verkfræðingi. Höfuðstóll sjóðsins eru danskar krónur 120000 í dönskum skuldbréfum. Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands, og er varzla hans og ávöxtun í höndum rektors og háskólaráðs samkv. þeim almennu reglum, er gilda um sjóði Háskólans.